

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 65 – 06.03.2006

Mánudaginn 6. mars, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17.15 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Viðræður við Kristján Jónasson endurskoðenda.
2. Aðalfundur Samorku mánudaginn 10. mars nk.
3. Bréf og undirskriftir úr Fljótum.
4. Veitufundur í Stykkishólmi 12 og 13 maí nk.
5. Nordvarme-ráðstefna í Álaborg 11 – 13 júní nk.
6. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG á Sauðárkróki kom á fundinn. Rætt var um uppsetningu á ársreikningi 2005 og sameiningu Hitaveitu Hjaltadals og Skagafjarðarveitna ehf.
2. 11. aðalfundur Samorku er mánudaginn 10 mars nk. í Stjórnstöð Landsnets hf. v/Bústaðaveg. Samþykkt að Páll Pálsson veitustjóri fari með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf á fundinum.
3. Lagt fram bréf dags 25. febrúar 2006 frá Jóhannesi H Ríkharðssyni, Brúnastöðum í Fljótum, ásamt undirskriftalista 16 íbúa í Fljótum, þar sem er óskað eftir því við Skagafjarðarveitur ehf að gera könnun á hagkvæmni og möguleikum á lagningu á hitaveitu í Fljótum. Þessi könnun er nú þegar í vinnslu af hálfu Skagafjarðarveitna. Páli Pálssyni er falið að svara erindinu.
4. Lögð fram dagskrá Veitufundar Samorku – hitaveitna – fráveitna – vatnsveitna í Stykkishólmi 12 – 13. maí 2006. Samþykkt að þeir veitustjórnarmenn, sem sjái sér fært að mæta á fundinn, sækji hann ásamt veitustjóra.
5. Lögð fram dagskrá að Nordevarme ráðstefnu í Álaborg Danmörku 12 – 13 júní 2006. Samþykkt að Páll Pálsson veitustjóri sækji ráðstefnuna.
6. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.35
Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)
Einar Gíslason (sign)
Gísli Árnason (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.